

Ársskýrsla SSNE til Byggðastofnunar



Efnisyfirlit

SSNE – ný landshlutasamtök	3
Brot úr skýrslu stjórnar 2020	3
Markmið og tilgangur.	3
Stjórn SSNE.....	4
Starfsmenn	4
Starfsstöðvar	4
Starfsyfirlit SSNE 2020	5
Atvinnu- og byggðapróun	5
Atvinnuráðgjöf	8
Nýsköpun	11
Búsetuþættir	12
Upplýsingaöflun	15
Endurmenntun, samstarf o.fl.	16
Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2020-2024	17
Uppbyggingarsjóður	18
Áhersluverkefni.....	18
Önnur samningsbundin verkefni	18
Brothættar byggðir	18
Eimur	18
Rekstrarreikningur 2020	19

SSNE – ný landshlutasamtök

Í ársbyrjun 2020 tóku til starfa ný landshlutasamtök, sem átti sér nokkurn aðdraganda, með sameiningu Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna tveggja á Norðurlandi eystra. Að samtökunum standa 12 af 13 sveitarfélögum á svæðinu frá Siglufirði til Bakkafjarðar; Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Akureyrarbær, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð. Sveitarfélagið Tjörneshreppur kaus að taka ekki þátt í samtökunum.

Landshlutinn spannar 22.686 km² með 30.600 íbúa.¹ Fjölmennast og þéttbýlast er sveitarfélagið Akureyrarbær með 19.219 íbúa (63%) á 136 km² (0,6%). Víðfeðmust eru sveitarfélögin Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit, sem hvort um sig spannar ríflega fjórðung svæðisins; Skútustaðahreppur 6.049 km² (26,9%) og Þingeyjarsveit 5.972 km² (26,6%).

Í janúar 2020 var Eyþór Björnsson ráðinn í starf framkvæmdastjóra félagsins úr hópi 26 umsækjenda.



Brot úr skýrslu stjórnar 2020

SSNE tók til starfa um liðin áramót með samruna *Eyþings*, *Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga* og *Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar*.

Fyrstu verkefni samtakanna hafa falist í fjölbreyttum verkefnum tengdum samrunanum, s.s. að gefa samtökunum nafn, gera lógó, merkja starfsstöðvar, ganga frá ráðningasamningum, yfirtaka verkefni eldri félaga, koma nýrri heimasíðu í loftið, samræma upplýsingakerfi, málaskrár og skjalavörslu, útfæra stafræna þjónustu og ferla, gera starfslýsingar, samþætta verkferla, gera viðbragðsáætlanir og skipurit, fara í stefnumótun, gera samskiptaáætlun, útfæra þjónustu á starfsstöðvum og innleiða samræmda verkefnastjórnun svo eitthvað sé nefnt.

Markmið og tilgangur.

Það er ekki úr vegi að minna okkur öll á markmið samtakanna, sem er að efla Norðurland eystra sem eftirsótt landsvæði til búsetu og atvinnu. Stofnun SSNE byggir á: faglegum ávinningi, auknum slagkrafti, skilvirkari vinnu og auknum sóknarfærum til að auka fagþekkingu innan stöðstofnana á starfssvæðinu. SSNE á að vera sterkur bakhjarl aðildarsveitarfélaga í sameiginlegum málum þeirra, stuðla að góðu mannlífi, lifandi menningarlífi og öflugri atvinnustarfsemi á starfssvæðinu. Hlutverk SSNE er að þjónusta sveitarstjórnir og atvinnulíf með því að: innleiða og fylgja eftir sóknaráætlun og byggðáætlun, gæta

¹ Landhlutasamtökin spanna 22.487 km² með 30.557 íbúa, þegar Tjörneshreppur er frá talinn.

hagsmuna aðildarsveitarfélaga utan starfssvæðis, vinna að málum sem eru aðildarsveitarfélögum sameiginleg innan starfssvæðis, stuðla að öflugu atvinnusvæði til framtíðar með stuðningi við nýsköpun, atvinnuþróun, mótun svæðisskipulags og hagsmunagæslu þar að lútandi, annast greiningar, þekkingaröflun og þekkingarmiðlun sem nýtast hlutverki SSNE. Það er því sannarlega viðamikil þjónustuhlutverk sem sveitarfélögin hafa falið SSNE.

Stjórn SSNE

Stjórn SSNE var skipuð eftirfarandi fulltrúum í árslok 2020:

- Hilda Jana Gísladóttir, formaður (Akureyrarbær)
- Jón Stefánsson (Eyjafjarðarsveit)
- Sigurður Þór Guðmundsson (Svalbarðshreppur)
- Þröstur Friðfinnsson (Grýtubakkahreppur)
- Helga Helgadóttir (Fjallabyggð)
- Kristján Þór Magnússon (Norðurþing)
- Eva Hrund Einarsdóttir (Akureyrarbær)

Starfsmenn

Við samruna Eyþings, AFE og AP í ársbyrjun 2020 var öllum starfsmönnum félaganna boðið starf hjá hinum nýju landshlutasamtökum. Allir nema tveir starfsmenn réðust til starfa hjá nýju félagi. Framkvæmdastjórar atvinnuþróunarfélaganna, Sigmundur Ófeigsson hjá AFE og Reinhard Reynisson hjá AP, kusu að gera það ekki, en störfuðu með nýju samtökunum fyrstu mánuði ársins og tóku virkan þátt í mótun starfsins.

Starfsmenn SSNE á árinu 2020 voru:

- Eyþór Björnsson, framkvæmdastjóri.
- Ari Páll Pálsson, verkefnastjóri.
- Baldvin Valdemarsson, sviðsstjóri atvinnu- og byggðaðróunar.
- Charlotta Englund, verkefnastjóri Öxarfjarðar í sókn.
- Elva Gunnlaugsdóttir, verkefnastjóri.
- Helga María Pétursdóttir, verkefnastjóri, sér um fjármál og rekstur.
- Karen Nótt Halldórsdóttir, verkefnastjóri Glæðum Grímsey.
- Nanna Steina Höskuldsdóttir, verkefnastjóri.
- Ólafur Áki Ragnarsson, verkefnastjóri Betri Bakkafjörður.
- Rebekka Kristín Garðarsdóttir, verkefnastjóri.
- Silja Jóhannesdóttir, verkefnastjóri.
- Vigdís Rún Jónsdóttir, verkefnastjóri menningarmála.

Stöðugildi á árinu 2020 voru samtals 9,67.



Starfsstöðvar

Lagt var upp með að samtökin yrðu með fjórar mannaðar starfsstöðvar, þ.e. á Tröllaskaga, Akureyri, austan Tjörness og á Húsavík, þar sem aðalstöðvar samtakanna yrðu. Ekki varð úr mannaðri starfsstöð á Tröllaskaga fyrsta árið, en unnið er að því markmiði.

Á árinu voru hins vegar starfsstöðvar á Akureyri, Húsavík, Kópaskeri, Raufarhöfn, Bakkafirði og í Grímsey.

Starfsyfirlit SSNE 2020

Atvinnu- og byggðapróun

Samtökin vinna í samræmi við stefnu ríkisins, eins og hún kemur fram í ályktun Alþingis um byggðamál, áherslur sóknaráætlunar landshlutans og aðra stefnumótun á sviði atvinnu- og byggðapróunar á starfssvæðinu. Félagið gerir m.a. úttekt á möguleikum atvinnulífs á svæðinu og hvernig megi nýta þá sem best.

Samtökin leita samstarfs við stofnanir í stoðkerfi atvinnulífsins, fyrirtæki og aðra aðila sem vinna ráðgjafa- og leiðbeiningarstarf í atvinnumálum. Félagið miðlar eftir fengnum upplýsingum um starfsemi þessara aðila og vinnur að bættum samskiptum þeirra við atvinnulíf á starfssvæðinu.

Samtökin taka þátt í námskeiðahaldi varðandi rekstur fyrirtækja o.þ.h. í samstarfi við Bygðastofnun og aðrar stofnanir í stoðkerfi atvinnulífs og byggðapróunar.

Markmið 1 Auka samstarf sveitarfélaga á svæðinu.

Með því að stuðla að samstarfi aðildarsveitarfélaga er ekki aðeins verið að styrkja landshlutann og efla samstöðu heldur einnig verið að skjóta styrkari stoðum undir atvinnu- og byggðapróun. Markmiðið styður einnig hlutverk SSNE í að „vinna að málum sem eru aðildarsveitarfélögum sameiginleg innan starfssvæðisins.“

Aðgerð

- Viðhalda samráðsvettvangi SSNE (funda með sveitarstjórum) með því að halda reglulega fundi t.d. mánaðarlega

Árangursmælikvarði

- Aukinn fjöldi sameiginlegra verkefna og sameiginlegra ályktana

Árangur ársins: Alls voru haldnir 12 fundir með sveitarstjórnnum SSNE á árinu 2020. Fyrstu fundirnir snérist að stærstum hluta um það að veita sveitarfélögum stuðning vegna Covid-19, miðla upplýsingum um viðbrögð og úrræði stjórnvalda og stuðla að samstarfi þeirra milli á þeim vettvangi. Inn á fundi á árinu komu fulltrúar Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins til að ræða Jöfnunarsjóð og stöðu hans, Lánasjóður sveitarfélaga hélt erindi um lán sjóðsins, fundað var um stafrænt samstarf sveitarfélaga, málefni kjarasamninga voru rædd, samgöngur og áhrif þeirra á byggðapróun og leigufélagið Bríet kynnti starfsemi sína. Einnig komu fulltrúar Bygðastofnunar inn á fundinn og fjölluðu um stuðning við sveitarfélögin og atvinnulíf.

Stofnun undirnefndar umhverfismála hefur aukið samtal á milli sveitarfélaga á þeim vettvangi og sameiginlegir fletir ræddir, áskoranir og tækifæri.

Markmið 2 Auka fjármagn inn á svæðið í gegnum styrktarsjóði.

Norðurland eystra hefur mikla möguleika á að sækja fé í gegnum styrktarsjóði til rannsókna og atvinnuuppbyggingar. Mikilvægt er að fylgjast vel með þeirri þróun og tryggja að verið sé að nýta þær leiðir sem í boði eru.

Aðgerð

- Kynna opinbera styrktarsjóði sem hægt er að sækja í fyrir verkefni sem bjóða upp á samstarf og nýttast svæðum eða landshlutanum í heild. Kynnt á fundi með sveitarstjórum t.d.

Árangursmælikvarðar

- Fjöldi umsókna frá aðildarsveitarfélögum SSNE í styrktarsjóði þar sem um samstarfsverkefni er að ræða.
- Aukið fjármagn renni til svæðisins í gegnum styrktarsjóði

Árangur ársins: Ekki hefur verið haldið skipulega utan um fjármagn inn á svæðið en árið 2021 mun verða breyting þar á. Árið 2020 var SSNE mjög ötult við að auglýsa, veita ráðgjöf og stuðning við umsóknaskrif.

Markmið 3 Fjölga atvinnutækifærum og starfandi fyrirtækjum á svæðinu með fjölbreytni að leiðarljósi.

Með því að styðja við og vera leiðandi í verkefnum sem stuðla að því að fjölga atvinnutækifærum og starfandi fyrirtækjum með fjölbreytni að leiðarljósi er SSNE að uppfylla sitt hlutverk í því að „*stuðla að öflugu atvinnusvæði til framtíðar með stuðningi við nýsköpun og atvinnuþróun, mótun svæðisskipulags- og hagsmunagæslu þar að lútandi.*“ Ofangreint markmið styður einnig við áttunda markmið SP „*góð atvinna og hagvöxtur stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla*“ og þá sérstaklega markmið 8.2 „*aukinni framleiðni í atvinnulífinu verði náð með fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun, meðal annars með því að beina athygli að vinnuafslökum geirum sem fela í sér mikinn virðisauka*“.

Aðgerðir	• Verkefnisstjórar/sérfræðingar á hverju svæði vinna samantekt yfir helstu tækifæri á hverju svæði fyrir sig. Sérstök áhersla lögð á og kynna tækifæri til nýsköpunar í matvæla- og velferðartækni sem og skapandi greinum og samantektin aðgengileg á heimasíðu SSNE. • Kynna tækifæri til betri orkunýtingar sem og tækifæri til nýtingar jarðvarma á svæðinu í samstarfi við Eim.
-----------------	--

Árangursmælikvarðar	• Samantektin nýtt til að skapa tækifæri. • Fjöldi fyrirtækja/heimila sem fara í orkusparandi aðgerðir eða nýta jarðvarma á árinu verði að minnsta kosti 20.
----------------------------	--

Árangur ársins: SSNE er í virku samstarfi við Eim sem nýtur nálægðar og aðstoðar SSNE við framkvæmd og undirbúning verkefna sinna. Ekki hefur verið tekinn saman listi um fjölgun fyrirtækja eða heimila sem skiptu yfir í jarðvarma á árinu.

Samantekt tækifæra var unnin í formi nýrrar heimasíðu invest.northeast.is. Invest síðan er í stöðugri endurskoðun og breytingar og lagfæringar gerðar jafnt og þétt. Síðan hefur jafnframt nýst vel í kynningar á vegum Íslandsstofu og í heimsóknum sendiráða og fagfjárfesta til SSNE.

Matvælaklassi var enn í undirbúningi undir forystu Matís. SSNE tekur þátt í þeim undirbúningi eins og kostur er.

Velferðartækniklassi var undirbúinn á árinu 2020, stofnaður 2021 og hefur þegar hafið starfsemi.

Markmið 4 Innleiðing listnáms á háskólastigi á Akureyri.

Með því að vinna verkefni sem stuðla að því að menntunarstig hækki á svæðinu er SSNE þátttakandi í því að auka búsetugæði og þjónustustig á starfssvæðinu.

Þá styður markmiðið einnig við fjórða markmið SP „*menntun fyrir alla tryggja öllum jafnan aðgang að góðri menntun og tækifæri til náms alla ævi*“.

Aðgerðir	• Starfsmaður á vegum SSNE situr í starfshópi sem vinnur að innleiðingu listnáms á háskólastigi í landshlutanum í samstarfi við Listaháskóla Ísland, Háskólann á Akureyri og framhaldsskólana á svæðinu. • Stuðla að aukinni notkun á fjarfundarbúnaði í listnámi/listsköpun með virku samtali milli skóla og símenntunarstöðva/þekkingarsetra.
-----------------	---

Árangursmælikvarði	• Listnám á háskólastigi verði innleitt í landshlutanum. • Fjöldi fjarnema í listnámi/listsköpun aukist um 5%.
---------------------------	--

Árangur ársins: Starfshópur fundaði átta sinnum á árinu 2020. Eitt af verkefnum starfshópsins var að móta áhersluverkefni SSNE fyrir árið 2021 þar sem fjármagn fékkst til að gera fýsileika könnun og halda málþing á árinu 2021.

Markmið 5 Að efla safnastarf í landshlutanum.

Með því að vinna verkefni sem stuðla að eflingu stafnastarfs á svæðinu er SSNE þátttakandi í því að efla fagmennsku innan safna og setra á svæðinu og að stuðla að jákvæðu viðhorfi íbúa til menningar. Verkefnið styður jafnframt við 17.17 markmið SP „hvetja til skilvirkari samstarfsverkefna hjá hinu opinbera, milli opinbera geirans og einkaaðila og á meðal borgaranna og styðja við slík verkefni. Við framkvæmd þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og útsjónarsemi höfð í fyrirrúmi“.

Aðgerðir

- Vinna fýsileikakönnun um aukið samstarf eða sameiningu safna á svæðinu í samstarfi og samráði við höfuðsafn og viðurkennt safn með vísan til 13. r. Safnalaga, nr. 141/2011, auk safnaráðs. Verkefnið er hefur vísun í lið C-14 innan stefnumótandi byggðaaætlunar 2018-2024 og var unnið af RHA.
- Að vinna safnastefnu fyrir Akureyrarbæ.

Árangursmælikvarði

- Fjöldi safna sem hefja samstarf eða sameinast aukist.
- Fjöldi safna á svæðinu sem þjóna hlutverki ábyrgðasafns verði að minnsta kosti eitt.
- Innleiða safnastefnu fyrir Akureyrarbæ sem stuðlar að aukinni hagræðingu og fagmennsku í rekstri safna sem eru á ábyrgð Akureyrarbæjar.

Árangur ársins: Í byggðaaætlun er landshlutasamtökum sveitarfélaga falin framkvæmd á aðgerð C.14 (*Samstarf safna – ábyrgðarsöfn*). Haustið 2019 var RHA fengið til að vinna þessa könnun fyrir Eyþing/SSNE og í janúar 2020 kom út skýrslan [Samstarf safna – Ábyrgðarsöfn. Sameining og samvinna safna á Eyþingssvæðinu](#).

Meðal helstu niðurstaða hennar eru að samstarf safna er þó nokkuð í landshlutanum. Takmarkaður áhugi var meðal forsvarsmanna safna á sameiningum og í raun er óljóst hvort sameiningar skili miklu hagræði.

Einhverjir líta á Minjasafnið á Akureyri og Menningarmiðstöð Þingeyinga sem ábyrgðarsöfn en þau hafa þó ekki formlega skilgreinda slíka stöðu. Beðið er eftir að menntamálaráðuneytið gefi út reglugerð um þessi mál og skilgreini hlutverk ábyrgðarsafna betur.

Verkefnisstjóri menningar hjá SSNE sat í verkefnisstjórn fyrir safnastefnu Akureyrarbæjar sem tók til starfa á árinu 2019. Staða safnanna var kortlögð, kallað eftir upplýsingum frá þeim og rætt við hagaðila, auk þess sem RHA var fengið til að kanna viðhorf nærsamfélagsins.

Drög að nýrri safnastefnu voru í vinnslu á árinu, rýnd af stjórn Akureyrarstofu og uppfærð af verkefnisstjórn með hliðsjón af athugasemdum. Safnastefnan var lögð fram til samþykktar í apríl 2021 en bíður endanlegrar samþykktar.



Markmið 6 Stuðla að jákvæðri byggðapróun.

Með því að stuðla að jákvæðri byggðapróun er sérstaklega verið að styðja við verkefni innan byggðaaætlunar, sóknaráætlunar og verkefni innan *Brothættra byggða* þar sem markvisst er unnið að því að stuðla að öflugu atvinnulífi og að gera landshlutann að samkeppnishæfum valkosti, bæði til atvinnu og búsetu.

Aðgerðir

- Kynna svæðið sem áhugaverðan búsetukost með tilliti til atvinnutækifæra, nýsköpunar, búsetuúrræða og þjónustu fyrir fólk á öllum aldri, þó sér í lagi fjölskyldufólk. Samráðshópur stofnaður með fulltrúum af öllu starfssvæði SSNE sem vinnur að gerð kynningarmyndbands sem birt verður á samfélagsmiðlum SSNE. Þessa aðgerð má tengja við markmið og aðgerðir um aukið samstarf aðildarsveitarfélaga SSNE.
- Markvissari vinnubrögð við að framfylgja verkefnum innan *Brothættra byggða*, Sóknaráætlunar og Stefnumótandi byggðaaætlunar með samráðsfundi meðal starfsmanna SSNE tvisvar á ári þar sem skyld verkefni/markmið verða unnin í samstarfi við viðkomandi aðila.
- Akureyri verði skilgreind opinberlega sem borgarsvæði.

Árangursmælikvarðar

- Fólki fjölgi sem nemur 1% í landshlutanum með áherslu á aukið jafnvægi í aldurs- og kynjasamsetningu.
- Fjöldi samstarfsverkefna sem tengjast verkefnisáætlunum *Brothættra byggða*, sóknaráætlunar og byggðaaætlunar aukist.

Árangur ársins: Á árinu var unnin undirbúningsvinna að stofnun fagráða og samstarfshóps.

Fjölgun í landshlutanum nam 13 íbúum á árinu 2020, úr 30.600 í 30.613 eða 0,04% milli ára. Markmiði um 1% fjölgun náðist því ekki. Lýðheilsuvísar landlæknis eru ekki aðgengilegir fyrr en um mitt ár og því eru tölur um aukið jafnvægi í aldurs- og kynjasamsetningu ekki aðgengilegar þegar þessi samantekt er gerð.

SSNE tók þátt í fjórum byggðapróunarverkefnum Byggðastofnunar. Verkefnin *Glæðum Grímsey*, *Hrísey perla Eyjafjarðar*, *Öxarfjörður í sókn* og *Betri Bakkafjörður*. Vísað er til ársskýrslna verkefnanna. Starfsmenn SSNE tóku virkan þátt í verkefnastjórnnum og framkvæmd verkefnanna. Undirbúningur fyrir verkefni um skilgreiningu Akureyrar sem borgarsvæðis hafði góðan framgang og lifir aðgerðin áfram í starfsáætlun yfirstandandi árs.

Atvinnuráðgjöf

Félagið veitir ráðgjöf við stofnun, þróun og rekstur fyrirtækja á starfssvæðinu, svo sem markaðssókn, vöruþróun, fjármögnun, kynningu, endurskipulagningu, erlend samskipti o.fl. Félagið veitir m.a. upplýsingar um mögulega fyrirgreiðslu og styrki, aðstoð annarra aðila og aðstoð við gerð rekstraráætlana. Áhersla skal lögð á fyrirtæki sem hafa afgerandi áhrif á atvinnulíf lítilla byggðalaga, fyrirtæki í nýjum atvinnugreinum, fyrirtæki með nýja vörur eða þjónustu og nýstofnuð fyrirtæki.

Félagið getur tekið þátt í fjárhagslegri ráðgjöf og endurskipulagningu fyrirtækja, en varast þó starfsemi á samkeppnismarkaði.

Veittan tíma í atvinnuráðgjöf skal flokka niður í eftirfarandi flokka á ársgrundvelli;

- i. Iðnaður
- ii. Ferðaþjónusta
- iii. Landbúnaður, þ.m.t. fiskeldi og þjónustugreinar fiskeldis
- iv. Sjávarútvegur
- v. Menning, listir og skapandi greinar
- vi. Ríki og sveitarfélög
- vii. Annað

Markmið 7 Auka sýnileika og kynningu á þjónustu atvinnuráðgjafa.

Þjónusta atvinnuráðgjafa verði vel þekkt á svæðinu og verði auðveldara fyrir íbúa og forsvarsfólk fyrirtækja að sækja þjónustu til þeirra. Atvinnuráðgjafar eiga einnig að öðlast yfirgripsmikla þekkingu á verkefnum á svæðinu.

Aðgerðir	• Heimsækja öll aðildarsveitarfélög SSNE, t.d. eitt í mánuði. Leggja í hendur sveitarfélaganna hvernig dagskrá heimsóknarinnar er. • Funda með atvinnumálafulltrúum, ferðamálafulltrúum, sveitarstjórum og fyrirtækjum. • Kynna þjónustuna á Facebook og heimasíðu SSNE. • Gefa út mánaðarlegt fréttabréf.
Árangursmælikvarði	• Fleiri sækir í atvinnuráðgjöf SSNE. Samhangandi við markmið 5 svo hægt verði að mæla fjölda. • Fjölga nýskráðum fyrirtækjum um 2%. Skoða það meðfram uppfærslum á Creditinfo listanum. • Fjöldi beiðna aukist frá sveitarfélögum og Byggðastofnun um aðstoð. Halda utan um þær beiðnir svo það skapist viðmið fyrir næstu ár. - Tengt markmiði 5.

Áætlaður tímafjöldi: 200 tímar

Árangur ársins: Starfsfólk SSNE fundaði með öllum sveitarstjórnnum á svæðinu á árinu, í einhverjum tilfellum var notast við fjarfundarbúnað vegna aðstæðna. Lengri heimsóknir þóttu ekki ákjósanlegar að þessu sinni. Reglulegir fundir með kjörnum fulltrúum að öllu svæðinu voru innleiddir og nutu vinsælda meðal sveitarstjórnarfólks til upplýsingagjafa en einnig til skrafs og ráðagerða. Starfsfólk SSNE kom inn á fyrirtækjaping Dalvíkurbyggðar og hélt þar kynningu á styrkjaumhverfinu á Íslandi. Þá héldum við fyrirtækjaping fyrir fyrirtækjarekendur á Akureyri í samstarfi við Akureyrarstofu en það var hluti af vinnu vegna samkeppnisgreiningar Akureyrarbæjar.

SSNE átti fulltrúa í stjórn Húsavíkurstofu og áheyrnarfulltrúa í Markaðsstofu Norðurlands.

Kynningar- og markaðsáætlun SSNE var unnin og kynnt fyrir starfsmönnum og stjórn á árinu. SSNE hefur mikið unnið að sýnileika á samfélagsmiðlum og er nú á Instagram og Facebook. Þá höfum við fjölgað fréttum á heimasíðu og í mars 2020 hófst útgáfa mánaðarlegs fréttabréfs sem hefur vaxið og dafnað æ síðan.

SSNE og fulltrúar Byggðastofnunar ferðuðust um landshlutann um sumarið 2020 til að kynna lánamöguleika fyrir fyrirtækjum og frumkvöðlum á svæðinu.

Ekki náðist að útbúa kerfi til að halda utan um fjölda beiðna frá sveitarfélögum og Byggðastofnun, né heldur gagnagrunnur yfir þá sem leita ráðgjafa hjá samtökunum. Þá var ekki fýsilegt að skipuleggja fyrirtækjaheimsóknir vegna samkomutakmarkana vegna Covid 19 .



Markmið 8 Koma upp gagnagrunni yfir þá sem sækja ráðgjöf hjá SSNE.

Nauðsynlegt er að halda gagnagrunn um þá sem sækja þjónustu SSNE til að hafa betri yfirsýn yfir þjónustuna sem félagið veitir. Það auðveldar aðgengi að viðskiptahópnum þegar þarf að miðla upplýsingum t.d. um umsóknafresti eða námskeið.

Aðgerðir

- Finna bestu og aðgengilegustu leiðina til að halda utan um viðskiptavinum ráðgjafar og flokka eftir atvinnugreinum.
- Halda utan um beiðnir frá sveitarfélögunum og Byggðastofnun varðandi aðstoð.

Árangursmælikvarði

- Gagnagrunnurinn verði nýttur til að miðla upplýsingum til viðskiptavina SSNE.

Áætlaður tímafjöldi:

160 tímar.

Árangur ársins: Gagnagrunninum hefur ekki verið komið upp þar sem spurningar vöknúðu um persónuverndarlögin en SSNE hafði ekki sett sér persónuverndarstefnu.



Markmið 9 Bizmentors – tengja saman frumkvöðla og mentora þvert yfir landið.

Veita frumkvöðlum í dreifðari byggðum stuðning og styrk til að takast á við verkefni sín og þróa þau áfram. Mentorinn þarf ekki að vera á svæðinu en frumkvöðullinn hefur gott aðgengi að honum. Bizmentors er í þróun með fleiri löndum, t.d. Noregi, Skotlandi og Finnlandi..

Aðgerð

- Gera aðgengilega vefgátt fyrir mentora og frumkvöðla.

Árangursmælikvarði

- Undir lok árs sé umferð um síðuna orðin virk, og a.m.k. séu orðin átta virk mentora sambönd.

Áætlaður tímafjöldi:

486 tímar.

Árangur ársins: Öllum vörðum í verkefninu hefur verið mætt, skýrsluskil eru á tíma og búið er að prófa módelið sjálft. Árið 2021 verður svo farið í vinnu við vefvang til að útfæra verkefnið þangað inn.

Nýsköpun

Samtökin vinna verkefni á sviði nýsköpunar með einstaklingum og fyrirtækjum.

Markmið 10 Vera með nýsköpunarkeppni / hraðal t.d. í samstarfi við NMÍ, Ferðaklasann og/eða Eim.

Það er mikilvægt fyrir frumkvöðla að hafa samfélag sín á milli og tækifæri til að skiptast á þekkingu og byggja sjálfa sig upp. Nýsköpunarkeppni eða hraðall sem býður upp á að slíkur vettvangur myndist og einnig tækifæri til að þroska og þróa hugmyndir.

Aðgerð	• Halda eða undirbúa keppni eða hraðal. Áætlað að halda viðburðinn veturinn 20/21.
---------------	--

Árangursmælikvarði	• Upp úr slíkum hröðlum verði framgangur a.m.k. þriggja verkefna mjög góður og þau fái úr Uppbyggingarsjóði og stærri styrki eins og úr Tækniþróunarsjóði.
---------------------------	--

Áætlaður tímafjöldi: 320 tímar.

Árangur ársins: SSNE undirbjó þátttöku í Ratsjanni á árinu en hún fór af stað í janúar 2021 með þátttakendum af öllu landinu í samstarfi við Ferðaklasann, Rata og öll landshlutasamtökin. Einnig undirbjó SSNE hakkaþonið, Hacking Norðurland í samstarfi við Rata, Hacking Hekla, Mýsköpun og Eim en það fór fram í apríl 2021. Einnig var lagður grunnur að samstarfi til að sækja um í nýsköpunarsjóð Lóna vegna hraðals árið 2021. Hæfnihringir voru haldnir í samstarfi við landshlutasamtökin sem stuðningur við konur í atvinnurekstri.

Markmið 11 Nýsköpun innan starfandi fyrirtækja verði kynnt

Það er mikilvægt að nýsköpun innan starfandi fyrirtækja verði gert hærra undir höfði enda ótrúleg gróska þar. Þetta markmið eflir innri meðvitund og fær starfsfólk til að vera öflugur málsvari nýsköpunar landshlutans.

Aðgerðir	• Heimsóknir í fyrirtæki. • Kynningar á samfélagsmiðlum og/eða heimasíðu. • Notkun á gagnagrunni samkvæmt markmiði 8.
-----------------	---

Árangursmælikvarði	• Auka fjármagn til nýsköpunarverkefna í gegnum Rannís um 5%. • Fleiri fyrirtæki nýti sér skattaafslátt vegna nýsköpunar og þróunar.
---------------------------	--

Áætlaður tímafjöldi: 100 tímar.

Árangur ársins: Vegna aðstæðna varð lítið úr heimsóknum í fyrirtæki en í stað þess notaði SSNE tímann til að kynna þjónustu sína fyrir fyrirtækjum og stofnunum á samfélagsmiðlum og heimasíðu. SSNE fylgist vel með auglýstum styrkjum og miðlar því áfram en jafnframt veitir ráðgjöf og leiðbeiningar við skrif. Stefnt er að því árið 2021 að halda betur utan um tölulegar upplýsingar varðandi þessa þætti.

Undirbúningur fór fram fyrir vinnustofu um umsóknarskrif í sjóði Tækniþróunarsjóðs í samstarfi við Senza.



Markmið 12 Skapa frumkvöðla samfélag.

Mikilvægt er að frumkvöðlar tilheyri samfélagi þar sem þeir geta rætt hugmyndir sínar, fengið fræðslu og öðlast þekkingu til að takast betur á við sín verkefni. Þetta er vettvangur fyrir samvinnu og tengslamyndun.

Aðgerðir

- Til verði vettvangur fyrir frumkvöðla til samstarfs og samtals, mögulega lokaður facebook hópur.
- Kynningar og námskeið færu fram í þessum hópi t.d. kynning á uppbyggingarsjóði.

Árangursmælikvarði

- Nýsköpunarverkefni verði fleiri.

Áætlaður tímafjöldi:

80 tímar.

Árangur ársins : Samstarf var aukið við nýsköpunarsamfélagið s.s. Eim, Rata og fleiri. Með Ratsjónni skapaðist samtalsvettangur frumkvöðla í ferðapjónustu og fór það verkefni af stað fyrir júl 2020. Ekki eru til töluleg gögn um fjölda nýsköpunarverkefna en verið er að vinna í utanumhaldi gagna hjá SSNE.



Búsetupættir

Samtökin vinna í samstarfi við sveitarfélög, aðra opinbera aðila og félagasamtök að greiningu og eflingu búsetupáttanna.

Markmið 13 Koma á reglubundnu millilandaflug til Norðurlands eystra.

Mikil tækifæri liggja í aukinni nýtingu Akureyrarflugvallar fyrir millilandaflug. Það væri ekki einungis tækifæri fyrir landshlutann heldur landið í heild. Þannig myndu ferðamenn dreifast betur um landið og minnka álagið á suðvesturhorni landsins. Betri nýting á fjárfestingu um norðan- og austanvert landið er augljós kostur en sömuleiðis liggja þarna tækifæri í auknum útflutningi á ferskum sjávarafurðum á erlenda markaði.

Í SVÓT greiningu í sóknaráætlun Norðurlands eystra kemur fram að skortur á beinum samgöngum við alþjóðamarkaði sé einn helsti veikleiki svæðisins og að skökk samkeppnisstyrði atvinnulífs, s.s. í samgöngum og flutningum teljast ógnun.

Aðgerð

- Vinna fýsileikakönnun með hagaðilum um stofnun flugfélags, sem heldur utan um millilandaflug, á svæðinu.

Árangursmælikvarði

- Að niðurstaðan verði nýtt til ákvörðunar um framhald.

Árangur ársins: Málið fékk góðan framgang á árinu. Veittur var styrkur úr Uppbyggingarsjóði til að rannsaka fýsileika þess að setja á stofn flugfélags til að annast millilandaflug frá Akureyrarflugvelli. Gerð bar bæði innlend og erlend markaðskönnun og kannaðir mögulegir samstarfsaðilar erlendis. Niðurstaða verkefnisins var mjög jákvæð og tók stjórn SSNE ákvörðun um að halda verkefninu áfram sem áhersluverkefni 2021.

Markmið 14 Bæta skipulag á innanlandsflugi og gera það að almenningssamgöngum í samhæðu kerfi sem tengist strætó og ferjum.

Burt séð frá ólíkum skoðunum um hvort og hvert Reykjavíkurlugvöllur eigi að víkja, þá hefur þessi mikla óvissa verið alltof lengi mikil ógn og gerir það erfitt að skipuleggja samgöngur og þjónustu milli landshluta. Komi til flutnings innanlandsflugs frá borginni þarf að hefja umræðu um uppbyggingu grunnþjónustu um landið til að vega upp á móti skertum samgöngum við Reykjavík.

Aðgerð

- Fylgja eftir ákvörðun sem liggur fyrir um að hið opinbera niðurgreiði fargjöld til fólks sem býr fjarri höfuðborgarsvæðinu og auðvelda þeim þannig að sækja þangað miðlæga þjónustu með hagkvæmum og skilvirkum hætti.

Árangursmælikvarði

- Byrjað verði að niðurgreiða fargjöld til fólks sem býr fjarri höfuðborgarsvæðinu á árinu.

Árangur ársins: Loftbrú var kynnt á Egilsstöðum 9. september 2020. Vinna SSNE og annarra sem komu að þessu máli bar því þann árangur sem að var stefnt. Loftbrú er mikill sigur en kerfið býður samt aðeins takmarkaðan fjölda flugleggja á hverju ári. Mikilvægt er að berjast fyrir framhaldi málsins sem er að fjölga niðurgreiddum ferðum. Þess vegna er málið aftur sett á starfsáætlun samtakanna fyrir yfirstandandi ár.



Markmið 15 Koma á samnýtingu póst-, lyfja- og fólksflutninga í strjálbýli.

Ófullnægjandi almenningssamgöngur milli byggðakjarna er talin til veikleika svæðisins. Nauðsynlegt er að hyggja að samstarfi og samlegð allra flutningsaðila þar sem, vegna smæðar, skortir á allar samkeppnisforsendur.

Aðgerð

- Halda áfram samtali við hlutaðeigandi aðila og greina hvar vandamálið liggur.

Árangursmælikvarði

- Komast að niðurstöðu í málinu.

Árangur ársins: Styrkur fékkst til að vinna þarfagreiningu og setja upp rekstrarmódel. Því verkefni mun ljúka í ágúst 2021.

Markmið 16 Stuðla að orkuskiptum í samgöngum með því að rafvæða bílaflotann og fjölga hleðslustöðvum.

Rafbílavæðing er nauðsynlegur þáttur í að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins og í sóknaráætlun landshlutans er hvatt til aukinnar rafbílavæðingar og fjölgunar á hleðslustöðvum. Þetta er einn mikilvægasti þátturinn í að gera kolefnisspor svæðisins hlutlaust. Til lengri tíma er rafbílavæðing einnig þjóðhagslega hagkvæm.

Aðgerð	Eftirfylgni, eftirlit og hagsmunabarátta varðandi forgangsröðun og fjárveitingar til málaflokksins.
---------------	---

Árangursmælikvarði	- Fjöldi skráðra rafbíla aukist um 10%. - Fjöldi hleðslustöðva aukist um 10%.
---------------------------	---

Árangur ársins: Málið er hluti af hagsmunagæslu SSNE en ekki um beina aðgerð að ræða. Það var því fellt út sem markmið í starfsáætlun.

Markmið 17 Styrkja flutnings- og dreifikerfi raforku í landshlutanum.

Víða í landshlutanum, sérstaklega á austurhluta svæðisins, er flutningskerfi raforku ófullnægjandi og er takmarkandi fyrir rekstur og uppbyggingu margra fyrirtækja og möguleika þeirra á orkuskiptum.

Aðgerð	Eftirfylgni, eftirlit og hagsmunabarátta varðandi forgangsröðun og fjárveitingar til málaflokksins.
---------------	---

Árangursmælikvarði	Hlutdeild þeirra sem búa við þrífasa rafmagnstengingu verði 80%.
---------------------------	--

Árangur ársins: Lagning strengja í jörð er á ætlun samkvæmt heimasíðu Rarik, en framkvæmdar-tímabilið er til 2025. Uppbygging á varaafli er enn í gangi og ekki komin í virkni. Framkvæmdir við Hólasandslínu 3 hafa verið á áætlun og stefnt á spennusetningu í lok árs 2021 .



Markmið 18 Öll lögheimili og fyrirtæki með heilsársbúsetu eða starfsemi á Norðurlandi eystra eigi kost á ljósleiðaratengingu.

Í nútíma samfélagi er nauðsynlegt að hafa aðgengi að hröðum og öruggum fjarskiptum. Víða í landshlutanum er enn óviðunandi fjarskipta- og netsamband sem hefur áhrif á möguleika til uppbyggingar atvinnulífs og menntunar sem byggja á fjarskiptum, sérstaklega hröðu og öruggu netsambandi..

Aðgerð	Eftirfylgni, eftirlit og hagsmunabarátta varðandi forgangsröðun og fjárveitingar til málaflokksins.
---------------	---

Árangursmælikvarði	Auka hlutdeild þeirra sem búa við ljósleiðaratengingu í 100%.
---------------------------	---

Árangur ársins: Málið er hluti af hagsmunagæslu SSNE. Það er í góðum farvegi og verkefnið „Ísland ljóstengt“ hafði góðan framgang á árinu. 2021 mun Hrísey tengjast með ljósleiðara sem er mikill sigur.

Upplýsingaöflun

Félagið skal hafa góða heildaryfirsýn yfir starfssvæði sitt og veita Byggðastofnun eins og kostur er upplýsingar um ástand atvinnulífs og búsetuþátta. Þessar upplýsingar skulu veittar án endurgjalds.

Markmið 19 Afla upplýsinga um búsetuþætti á Norðurlandi eystra.

Til þess að hafa góða heildaryfirsýn yfir búsetuþætti á starfssvæðinu og meta hvar úrbóta er þörf er nauðsynlegt að afla upplýsinga og hafa sambærileg gögn við aðra landshluta. Því er þátttaka í íbúakönnun á Íslandi í samvinnu við SSV afar mikilvæg.

Meginmarkmið íbúakönnunarinnar er að draga fram afstöðu íbúa einstakra landshluta til ýmissa þátta sem telja má meðal mikilvægustu búsetuskilyrða heimilanna. Auk þess verður grennslast fyrir um hvort fólk íhugi brottflutning og ánægju þess með að búa á viðkomandi stöðum, svo eitthvað sé nefnt..

Aðgerð

- Taka þátt í íbúakönnun í samstarfi við SSV & RHA.

Árangursmælikvarðar

- Niðurstöður könnunar. Svörun/þátttaka aukist um 5%.
- Niðurstöður nýtist m.a. til að svara spurningum um árangursmælikvarða markmiða í sóknaráætlun, s.s. menningu.

Árangur ársins: Markmið um svörun á ekki við þar sem SSNE tók þátt í könnuninni í fyrsta skipti á árinu, en góð þátttaka var meðal íbúa í landshlutanum. Heildarfjöldi svara á Norðurlandi eystra var 1.673. Í heildarstigagjöf fyrir landsvæðin 24 sem tóku þátt í könnuninni og þau 40 búsetuskilyrði sem spurt var um voru Akureyringar í 2. sæti, Eyfirðingar í 3. sæti og Þingeyingar í 13. sæti. Könnunin gefur góða mynd af því hvar svæðin standa vel og hvar má betur gera. Niðurstöður könnunar munu geta nýst við árangursmat sóknaráætlunar.



Markmið 20 Afla upplýsinga um fyrirtæki á svæðinu.

Til þess að hafa góða heildarsýn yfir atvinnulíf á starfssvæðinu og meta stöðu og horfur er nauðsynlegt að afla upplýsinga um fyrirtæki á svæðinu. Því er þátttaka í fyrirtækjakönnun landshlutanna í samvinnu við SSV afar mikilvæg.

Meginmarkmið könnunarinnar er að draga fram afstöðu forsvarsmanna fyrirtækja einstakra landshluta til ýmissa þátta sem telja má meðal mikilvægustu rekstrarþátta fyrirtækja.

Aðgerðir

- Fá uppfærðan fyrirtækjalista frá Creditinfo og yfirfara.
- Uppfæra atvinnugreinaflokkun í Fyrirtækjakönnun í samráði við Vífil.
- Senda út könnun á fyrirtækjalista.

Árangursmælikvarði

- Niðurstöður könnunar.
- Svörun, fjöldi þátttakenda aukist um 5%..

Árangur ársins: Creditinfo listi yfir fyrirtæki á svæðinu var uppfærður og yfirfarinn á árinu. Atvinnugreinaflokkun í fyrirtækjakönnun var endurskoðuð og uppfærð í samstarfi við Vífil Karlsson, önnur landshlutasamtök, Byggðastofnun og fleiri aðila. Þá var unnið að endurskoðun spurninga í könnuninni í samstarfi fulltrúa frá SSV, SSNE, SSVN og SASS.

Þriðja aðgerðin og árangursmælikvarði eiga ekki við á árinu þar sem könnunin verður ekki framkvæmd aftur fyrr en 2021-2022 og niðurstöður könnunarinnar væntanlegar árið 2022.

Markmið 21 Þátttaka í þróun á sameiginlegu mælaborði landshlutasamtakanna.

Gagnatorg landshlutanna væri góð leið til að hafa yfirsýn og veita upplýsingar um áhrif atvinnulífs og búsetuþátta í landshlutanum.

Aðgerð

- Skilgreina þá þætti og komast að samkomulagi sem við viljum sjá á mælaborði SSNE fyrir búsetuþætti svæðisins í víðu samhengi (samfélags- atvinnu- menningar- o.fl.).

Árangursmælikvarði

- Mælitækin nýtist til að fylgjast með þróun á svæðinu svo að vinna SSNE og annarra hagsmunaaðila verði markvissari.

Árangur ársins: Starfsmaður SSNE tók þátt í fundum með fulltrúum frá öðrum landshlutasamtökum og Byggðastofnun um hvaða þætti væri æskilegt að mæla, hvaða gögn væru til staðar og hvaða möguleikar væru til þess að fá gögn sem ekki væru fyrir hendi.

Byggðastofnun heldur nú utan um mælaborð sem SASS átti frumkvæði að og hefur starfsmaður Byggðastofnunar unnið að því að uppfæra það, þróa og bæta inn gögnum.

Viðræður hafa m.a. verið við Hagstofuna og samband íslenskra sveitarfélaga um vinnslu á gögnum.



Endurmenntun, samstarf o.fl.

Samtökin leitast við að efla þekkingu og fagmennsku sína á sviði atvinnu- og byggðapróunar með endurmenntun, samvinnu við önnur atvinnuþróunarfélög og Byggðastofnun, þátttöku í samstarfsverkefnum þessara aðila og með þátttöku í stefnumótun og samræmingu á starfsemi félaganna.

Markmið 22 Kynnast starfsemi stoðstofnanna.

Mikilvægt er að starfsmenn SSNE kynni sér hlutverk og verkefni stoðstofnana sem vinna að sameiginlegum hagsmunum þvert á landið í þeim málaflokkum sem tengjast SSNE. Samstarf við þessar stofnanir er landshlutanum til framdráttar og nýtast við vinnu og stefnumótun SSNE til framtíðar.

Aðgerð

- Farið verði í heimsókn til Samtaka iðnaðarins, Samtaka atvinnulífsins, Viðskiptaráðs Íslands og Íslandsstofu o.fl. stofnanir sem vinna að sameiginlegum hagsmunum okkar allra og fáum kynningu á verkefnum þeirra og samleiðaráhrif skoðuð sérstaklega.

Árangursmælikvarði

- Starfsmenn SSNE verði meðvitaðir um þá vinnu sem verið er að vinna hjá öðrum stofnunum með samstarf í huga.

Áætlaður tímafjöldi:

180 tímar.

Árangur ársins: Ekkert varð af fyrirhuguðum heimsóknum á árinu 2020 vegna Covid 19, hins vegar voru haldnir fjarfundir með Íslandsstofu og samtarf aukið. Einnig var lagður grunnur að öflugra samstarfi við landshlutasamtökin um allt land. Samstarf við Samtök iðnaðarins var mjög gott bæði á menntasviði og bygginga- og mannvirkjasviði en bæði þau verkefni hafa verið að þróast í nokkur ár.

Markmið 23 Auka tækniþekkingu starfsmanna.

Mikilvægt er að starfsmenn öðlist færni í nýjustu tækni, tileinki sér hana og miðli áfram.

Aðgerð

- Námskeið, t.d. í Teams, fjarfundarbúnaði, Excel o.fl.

Árangursmælikvarði

- Aukið hlutfall fjarfunda og aukin hagnýting stafrænna lausna.

Áætlaður tímafjöldi:

40 tímar.

Árangur ársins: Árangur ársins: Ekki gafst tími til að sækja formleg námskeið til að auka tækniþekkingu starfsmanna. Fjarfundabúnaður var mikið notaður á árinu og voru starfsmenn duglegir að afla sér þekkingar og leysa úr þeim málum sem upp komu því tengt og deila henni sín á milli.

Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2020-2024

Á árinu var undirritaður samningur um Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2020-2024. Sóknaráætlunin byggir á framtíðarsýn heimamanna á stöðu landshlutans árið 2024. Framtíðarsýnin dregur upp mynd af eftirsóknarverðri stöðu landshlutans í lok tímabils og þeim markmiðum sem stefnt er að í sóknaráætlun. Við gerð sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2020-2024 var tekið mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og einstök markmið og aðgerðir tengd við tilheyrandi heimsmarkmið.

Sóknaráætlunin skiptist í þrjá málaflokka:

- **Atvinnu og nýsköpun** – með áherslu á sterka innviði, góðum samgöngum og nýskapandi atvinnulífi í sjálfbærum landshluta.
- **Menningu** – með auknu vægi fjölmennningar og listnáms sem og fjölgun starfa í listgreinum.
- **Umhverfismál** – með aukinni vitund íbúa um umhverfi og neyslu í samfélagslega ábyrgum landshluta.

Grunnframlag ríkisins til sóknaráætlunar Norðurlands eystra árið 2020 var 118.136.428 kr. og framlag sveitarfélaga var 12.200.000 kr. Þá voru gerðir þrír viðaukasamningar við sóknaráætlun að fjárhæð samtals 16.200.000 kr.

Viðbótarfjármunum af hálfu ríkisins var varið í sóknaráætlanir landshluta á árinu. Markmið úthlutunarinnar var vinna gegn samdrætti í hagkerfinu í kjölfar Covid-19 faraldursins og styðja við verkefni á landsbyggðinni. Viðbótarfjármagn af hálfu ríkisins var 29,6 m.kr. og nýttu samtökin 12,5 m.kr. úr sóknaráætlun í framtakið. Samtals voru því 42,1 m.kr. til úthlutunar. Alls hlutu 37 verkefni styrk og miðar þeim verkefnum sem enn er ólokið vel áfram.



Uppbyggingarsjóður

Alls bárust 158 umsóknir í Uppbyggingarsjóð á árinu, þar af 68 vegna atvinnuþróunar og nýsköpunar og 90 vegna menningar. Samtals var sótt um tæpar 335 m.kr., þar af 190,3 m.kr. vegna atvinnuþróunar og nýsköpunar og 144,6 m.kr. vegna menningar. Samtals fengu 82 verkefni styrkvilyrði að fjárhæð 76 m.kr. 32 verkefni á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar hlutu styrk að fjárhæð 38 m.kr. og 50 verkefni á sviði menningar hlutu styrk að fjárhæð 38 m.kr.

Á árinu 2020 voru tvö fagrað starfandi; fagrað atvinnuþróunar og nýsköpunar og fagrað menningar. Var þeirra hlutverk m.a. að fara yfir umsóknir, hvort á sínu sviði, og gera tillögur til úthlutunarnefndar um styrkveitingar.

Áhersluverkefni

Stjórn SSNE samþykkti fimm áhersluverkefni á árinu.

- **Akureyrarflugvöllur, næsta gátt inn í landið (7 m.kr.)** – Meginmarkmið verkefnisins er að auka umferð og fjölga markaðssvæðum með beina flugtengingu við Akureyri.
- **Borgarhlutverk Akureyrar (8,3 m.kr.)** – Meginmarkmið verkefnisins er að móta borgarstefnu fyrir Akureyri og skilgreina svæðisbundið hlutverk staðarins sem stærsta þéttbýlis utan höfuðborgarsvæðisins.
- **Eimur (7,5 m.kr.)** – Meginmarkmið verkefnisins er að stuðla að aukinni sjálfbærni samfélaga á Norðausturlandi með fjölbreyttri nýtingu orkuauðlinda og aukinni áherslu á samspil samfélags, umhverfis, auðlinda og efnahags.
- **Þróun og Þekking (3 m.kr.)** – Meginmarkmið verkefnisins er að þróa nýja gerð öflugri þekkingarsetra fyrir þéttbýlisstaði landsbyggðar til eflingar atvinnulífs byggðanna.
- **Nýsköpun í norðri, NÍN (4 m.kr.)** – Meginmarkmið verkefnisins er að auka nýsköpun innan svæðisins, samhliða því að vera í fararbroddi í baráttu við loftslagsbreytingar.

Önnur samningsbundin verkefni

Brothættar byggðir

Brothættar byggðir er yfirskrift sértæks byggðaeftlingarverkefnis sem leitt er af Byggðastofnun með þátttöku viðkomandi sveitarfélags, atvinnuþróunarfélags og landshlutasamtaka á hverju svæði.

Markmiðið með verkefninu Brothættum byggðum er m.a. að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög, brottflutta íbúa og aðra.

Þrjú byggðarlög á Norðausturlandi voru virkir þátttakendur í verkefninu á árinu. Verkefnin *Glæðum Grímsey* og *Öxarfjörður í sókn* hófust árið 2016 og lauk þeim báðum í árslok 2020. Verkefnið *Betri Bakkafjörður* hófst svo árið 2019 og lýkur í árslok 2023.

Eimur

Eimur er samstarfsverkefni SSNE, Landsvirkjunar, Norðurorku og Orkuveitu Húsavíkur. Markmið verkefnisins er að bæta nýtingu orkuauðlinda og auka nýsköpun í orkumálum á Norðausturlandi. Ætlunin með samstarfinu er meðal annars að byggja upp atvinnulíf og auka verðmætasköpun á svæðinu, með sérstakri áherslu á sjálfbærni, grænar lausnir, nýsköpun og hátækni.

Sumarið 2020 var ákveðið að endurfjármagna verkefnið til annarra þriggja ára, og mun það því starfa hið minnsta fram til ársins 2023.

Rekstrarreikningur 2020

Aðrir fundir stjórnar

Nefndarlaun	48.258	100.000	2.051.112
Launatengd gjöld	9.015	20.000	388.872
Ferðakostnaður	29.839	40.000	325.994
Dagpeningar	0	0	92.800
Fundakostnaður	0	0	17.021
	87.112	160.000	2.875.799

Skrifstofa SSNE

Laun	23.472.757	23.700.000	26.231.312
Launatengd gjöld	5.315.820	5.500.000	6.699.752
Áfallið orlof, breyting	1.335.306	1.100.000	(4.604.245)
Annar starfsmannakostnaður	2.227.294	2.620.000	497.567
Skrifstofuáhöld	1.160.835	1.000.000	328.749
Fagblöð og tímarit	0	15.000	0
Ritföng, pappír og prentun	134.559	150.000	187.379
Sími	562.872	700.000	203.317
Burðargjöld	38.754	40.000	37.986
Rekstur tölvukerfis	4.084.411	4.200.000	1.260.524
Endurgreiddur bifreiðakostnaður	40.737	60.000	1.320
Ferðakostnaður	432.337	400.000	909.889
Dagpeningar	314.889	315.000	35.750
Fundakostnaður	101.898	120.000	56.055
Endurskoðun	1.149.898	1.050.000	518.883
Lögfræðikostnaður	2.686.796	2.700.000	2.332.348
Önnur aðkeypt þjónusta	9.338.935	9.860.000	4.722.665
Húsaleiga	1.857.950	1.944.300	914.831
Ræsting, hiti og rafmagn	1.407.493	2.300.000	513.986
Annar kostnaður	15.885.283	15.090.000	223.635
Kostnaðaruppgjör	(8.588.743)	(8.485.000)	(3.433.304)
	62.960.081	64.379.300	37.638.399
	12.396.887	6.821.100	39.213.166
Rekstrartekjur samtals	366.415.693	370.892.528	427.034.557

2. Rekstrargjöld

	2020	Áætlun 2020	2019
Stjórn SSNE (Eypings 2019)			
Nefndarlaun	6.929.760	7.300.000	2.991.935
Launatengd gjöld	1.299.059	1.400.000	577.510
Endurgreiddur bifreiðakostnaður	71.706	75.000	200.970
Ferðakostnaður	121.681	125.000	255.412
Dagpeningar	0	0	456.800
Fundakostnaður	2.900	5.000	126.877
	8.425.106	8.905.000	4.609.504

Aðalfundur

Nefndarlaun og endurgreiddur kostnaður	0	0	76.774
Fundakostnaður	249.465	400.000	835.314
Endurgreiddur kostnaður vegna aðalfundar	0	0	(365.340)
	249.465	400.000	546.748

Aðrir fundir stjórnar

Nefndarlaun	48.258	100.000	2.051.112
Launatengd gjöld	9.015	20.000	388.872
Ferðakostnaður	29.839	40.000	325.994
Dagpeningar	0	0	92.800
Fundakostnaður	0	0	17.021
	87.112	160.000	2.875.799

Skrifstofa SSNE

Laun	23.472.757	23.700.000	26.231.312
Launatengd gjöld	5.315.820	5.500.000	6.699.752
Áfallið orlof, breyting	1.335.306	1.100.000	(4.604.245)
Annar starfsmannakostnaður	2.227.294	2.620.000	497.567
Skrifstofuáhöld	1.160.835	1.000.000	328.749
Fagblöð og tímarit	0	15.000	0
Ritföng, pappír og prentun	134.559	150.000	187.379
Sími	562.872	700.000	203.317
Burðargjöld	38.754	40.000	37.986
Rekstur tölvukerfis	4.084.411	4.200.000	1.260.524
Endurgreiddur bifreiðakostnaður	40.737	60.000	1.320
Ferðakostnaður	432.337	400.000	909.889
Dagpeningar	314.889	315.000	35.750
Fundakostnaður	101.898	120.000	56.055
Endurskoðun	1.149.898	1.050.000	518.883
Lögfræðikostnaður	2.686.796	2.700.000	2.332.348
Önnur aðkeypt þjónusta	9.338.935	9.860.000	4.722.665
Húsaleiga	1.857.950	1.944.300	914.831
Ræsting, hiti og rafmagn	1.407.493	2.300.000	513.986
Annar kostnaður	15.885.283	15.090.000	223.635
Kostnaðaruppgjör	(8.588.743)	(8.485.000)	(3.433.304)
	62.960.081	64.379.300	37.638.399

Skrifstofa - atvinnuþróun

Laun	32.482.415	33.000.000	0
Launatengd gjöld	7.320.856	7.600.000	0
Áfallið orlof, breyting	4.659.108	4.500.000	0
Hlutdeild launa og launatengdra gjalda	15.009.871	15.010.000	0
Annar starfsmannakostnaður	414.785	800.000	0
Skrifstofuáhöld	2.751.877	3.100.000	0
Fagblöð og tímarit	3.690	15.000	0
Ritföng, pappír og prentun	42.001	60.000	0
Póstur og sími	711.670	655.000	0
Rekstur tölvukerfis	1.702.805	2.000.000	0
Auglýsingar	53.558	100.000	0
Endurgreiddur bifreiðakostnaður	265.068	350.000	0
Ferðakostnaður	244.141	500.000	0
Dagpeningar	901.206	910.000	0
Aðkeypt skrifstofuþjónusta	195.948	270.000	0
Fundakostnaður	21.984	50.000	0
Húsaleiga	5.268.411	5.300.000	0
Ræsting, hiti og rafmagn	781.586	1.200.000	0
Annar kostnaður	44.410	60.000	0
	72.875.390	75.480.000	0

Skrifstofa - menningarmál

Laun	8.785.089	9.000.000	8.183.856
Launatengd gjöld	2.118.692	2.070.000	1.809.337
Áfallið orlof, breyting	0	0	303.377
Annar starfsmannakostnaður	0	20.000	39.018
Skrifstofuáhöld	145.095	150.000	425.411
Ritföng, pappír og prentun	0	0	5.500
Póstur og sími	24.090	0	33.964
Rekstur tölvukerfis	0	0	415.364
Ferðakostnaður	0	80.000	86.172
Dagpeningar	168.240	170.000	73.200
Bókhalds- og ritarþjónusta	0	0	366.985
Endurskoðun	0	0	101.874
Húsaleiga	0	0	506.492
Ræsting, hiti og rafmagn	0	0	243.221
Annar kostnaður	0	0	202
Kostnaðaruppgjör	0	0	(673.127)
	11.329.709	11.570.000	11.920.846

Fulltrúaráð

Fundakostnaður	0	0	431.201
Annar kostnaður	0	0	565
	0	0	431.766

Samstarf landshluta

Ferðakostnaður	88.635	90.000	0
Fundakostnaður	47.387	50.000	0
	136.022	140.000	0

Svæðisskipulag Eyjafjarðar

Nefndarlaun	1.149.503	1.150.000	0
Launatengd gjöld	214.741	270.000	0
Aðkeypt þjónusta	39.420	40.000	0
	1.403.664	1.460.000	0

Aðgerðaráætlun - verkefni

Laun	96.516	300.000	723.877
Launatengd gjöld	18.030	60.000	144.537
Endurgreiddur bifreiðakostnaður	0	0	321.420
Ferðakostnaður	86.340	100.000	0
Sérfræðiþjónusta og umsýsla	67.549	0	63.012
	298.435	510.000	1.252.846

Sóknaráætlun

Úthlutaðir styrkir	147.797.942	163.636.428	173.237.112
Nefndarlaun	1.972.321	2.000.000	1.992.829
Launatengd gjöld	375.386	400.000	384.404
Endurgreiddur bifreiðakostnaður	156.510	200.000	145.090
Dagpeningar	22.700	25.000	121.700
Ferðakostnaður	227.521	270.000	253.071
Fundakostnaður	129.194	150.000	414.064
Bókhalds- og skrifstofuþjónusta	0	0	706.180
Endurskoðun	0	0	356.560
Auglýsingar	316.129	400.000	488.596
Sérfræðiþjónusta og umsýsla	29.700	50.000	7.760.910
Ritföng, pappír og prentun	3.600	0	0
Burðargjöld	170.751	0	2.480
Annar kostnaður	7.445	20.000	44.126
Kostnaðaruppgjör	8.588.743	8.485.000	2.527.237
	159.797.942	175.636.428	188.434.359

Áhersluverkefni - almenningssamgöngur

Sérfræðipjónusta	352.621	0	0
Annar kostnaður	97.647	0	0
	450.268	0	0

Áhersluverkefni - sterkara Eyþing

Aðkeypt þjónusta	0	0	8.111.880
Ferðakostnaður	0	0	592.397
Fundakostnaður	0	0	9.996
Annar kostnaður	0	0	1.010
	0	0	8.715.283

Áhersluverkefni - úrgangshópur

Laun	0	0	386.064
Launatengd gjöld	0	0	77.036
Endurgreiddur bifreiðakostnaður	0	0	208.780
Fundakostnaður	0	0	62.975
Aðkeypt þjónusta	0	0	6.582.302
Annar kostnaður	0	0	541
	0	0	7.317.698

Áhersluverkefni - sameining safna

Aðkeypt þjónusta	0	0	3.786.400
Annar kostnaður	0	0	120
	0	0	3.786.520

C Verkefni - byggðaaætlan

Aðkeypt þjónusta	157.380	0	2.594.015
Úthlutaðir styrkir	7.000.000	0	0
	7.157.380	0	2.594.015

Evrópuverkefni AP

Ferðakostnaður	131.155	150.000	0
Aðkeypt þjónusta	519.940	600.000	0
Annar kostnaður	2.611	0	0
	653.706	750.000	0

Áhersluverkefni - Víkurskel

Laun	851.380	1.800.000	0
Launatengd gjöld	368.149	369.000	0
Dagpeningar	42.060	42.100	0
	1.261.589	2.211.100	0

Áhersluverkefni - Uppbygging Hríseyjar sem ferðamannastaðs

Aðkeypt þjónusta	1.470.000	0	0
	1.470.000	0	0

Brothættar byggðir - Bakkafjörður

Laun	11.047.527	10.200.000	0
Launatengd gjöld	1.641.558	1.800.000	0
Áfallið orlof, breyting	0	900.000	0
Endurgreiddur bifreiðakostnaður	205.572	220.000	0
Dagpeningar	168.240	170.000	0
Húsaleiga	1.140.000	780.000	0
Ræsting, hiti og rafmagn	330.402	360.000	0
Sími	53.608	60.000	0
Rekstur tölvukerfis	14.144	20.000	0
Skrifstofuáhöld	148.980	150.000	0
Annar kostnaður	(269)	0	0
	14.749.762	14.660.000	0

Brothættar byggðir - Öxarfjörður

Laun	5.333.890	4.800.000	0
Launatengd gjöld	951.823	1.150.000	0
Áfallið orlof, breyting	0	650.000	0
Hlutdeild í launakostnaði	499.364	500.000	0
Endurgreiddur bifreiðakostnaður	0	60.000	0
Ferðakostnaður	40.515	0	0
Fundakostnaður	0	10.000	0
Dagpeningar	168.240	170.000	0
Aðkeypt þjónusta	84.717	0	0
Annar kostnaður	2.620	0	0
	7.081.169	7.340.000	0

Brothættar byggðir - Grímsey

Laun	2.658.769	2.700.000	0
Launatengd gjöld	623.680	650.000	0
Áfallið orlof, breyting	301.398	310.000	0
Ferðakostnaður	0	20.000	0
Dagpeningar	140.200	150.000	0
Fundakostnaður	113.666	120.000	0
	3.837.713	3.950.000	0

Skólaþjónusta

Lífeyrisskuldbinding, breyting	4.144.621	1.000.000	(15.635)
Aðkeypt þjónusta	94.500	95.000	90.600
Annar kostnaður	350	0	0
	4.239.471	1.095.000	74.965

Almenningssamgöngur

Greiðslur og styrkir vegna aksturs	0	0	139.231.863
Aðkeypt þjónusta Strætó	0	0	11.206.908
Nefndarlaun	0	0	339.171
Launatengd gjöld	0	0	64.304
Bókhalds- og ritaraþjónusta	0	0	126.846
Sérfræðiþjónusta	0	0	807.673
Aðkeypt þjónusta	0	0	986.595
Annar kostnaður	0	0	3.800
	0	0	152.767.160

Rekstrargjöld samtals	358.463.984	368.646.828	422.965.908
------------------------------------	--------------------	--------------------	--------------------